

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 14. júní 2024

Mál nr. E-6851/2023:

A

(Rebekka Ósk Gunnarsdóttir lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Þorvaldur Hauksson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem var dómtekið 4. júní 2024, var höfðað 7. nóvember 2023. Stefnandi er A, [...]. Stefndi er íslenska ríkið.
- Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. másl. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. febrúar 2020 til 24. mars 2023, en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga, til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar.

Helstu málsatvik

- Að kvöldi dags 4. febrúar 2020 barst lögreglu tilkynning um aðfinnsluvert ökulag bifreiðarinnar [...] á [...]. Þegar lögregla kom að var bifreiðin kyrrstæð og voru tveir aðilar inni í bifreiðinni. Aðila greinir síðan á um hvort stefnandi hafi verið fyrir utan bifreiðina við opið farangursrými hennar eða hvort hann hafi verið inni í bifreiðinni ásamt hinum tveimur, en sofandi þegar lögreglu bar að garði. Reyndust allir þrír aðilarnir undir áhrifum fíkniefna.
- Í kjölfar handtökunnar var lögregluskýrsla tekin af þremmenningunum og gistu þeir síðan í fangaklefa um nóttina. Ágreiningur er milli aðila um hvort þremmenningarnir hafi verið

látir lausir í kjölfar skýrslutökunnar en gist í fangaklefanum um nóttina að eigin ósk eða ekki.

- 6 Gefin var út ákæra á hendur þremmingunum þann 2. júlí 2020, þ.m.t. stefnanda, og var honum gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa fíkniefna og lyfja. Þá var öllum þremur gefið að sök að hafa haft í vörslum sínum 1,16 gr. af maríhúana sem fannst við leit í bifreiðinni. Undir rekstri málsins féll ákærvaldið frá kröfum á hendur meðákærðu en haldið var til streitu kröfum á hendur stefnanda.
- 7 Stefnandi var síðan sýknaður með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra 4. maí 2021 2021 í máli nr. S-107/2020. Fram kom í niðurstöðu dómsins að ákærvaldið bæri hallann af því að hafa ekki tekið aðra skýrslu af stefnanda, en til þess hefði verið fullt tilefni í ljósi þess að hann hafi augljóslega verið undir áhrifum við skýrslutökuna. Þrátt fyrir að í niðurstöðu dómsins hafi útskýringar stefnanda verið taldar lítt trúverðugar var horft til þess að við skýrslugjöf hjá lögreglu hafi stefnandi verið undir verulegum áhrifum. Þá var einnig horft til framburðar annars þeirra einstaklinga sem var með stefnanda í för umrætt sinn fyrir dómi, um að þriðji aðilinn sem var með í för hefði í raun ekið bifreiðinni, en ekki stefnandi. Ekkert vitni lýsti því að hafa séð stefnanda aka bifreiðinni og var ekki talið nægjanlega sannað að stefnandi hefði ekið bifreiðinni umrætt kvöld.

Helstu málsástæður stefnanda

- 8 Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt til miskabóta vegna aðgerða lögreglu, aðallega skv. hlutlægri bótareglu 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, í kjölfar sýknudóms. Hann hafi verið sviptur frelsi að ósekju, sbr. einnig 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár. Ekki hafi verið nægilegt tilefni til umræddra aðgerða, lagaskilyrði óuppfyllt og hvorki til staðar rökstuddur grunur né nauðsyn. Bætur skv. 246. gr. laga nr. 88/2008 séu ákveðnar á hlutlægum grundvelli og skipti því ekki máli um bótagrundvöllinn sem slíkan hvort fullt tilefni hafi verið til aðgerðanna á sínum tíma, hvort þær hafi verið réttmætar eða hvort lagaskilyrði sakamálalaga hafi verið uppfyllt.
- 9 Stefnandi hafi ekki gengist við að hafa ekið bifreiðinni heldur hafi hann verið sofandi í aftursætinu. Undantekning 2. og 3. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 eigi ekki við í málinu,

enda hafi stefnandi hvorki valdið né stuðlað að aðgerðunum. Hann hafi verið samvinnuþýður, samþykkt aðgerðir lögreglu, greint skilmerkilega frá atburðum og aðstoðað við að upplýsa málið. Stefndi geti ekki undanskilið sig hinni hlutlægu bótaábyrgð með vísan til þess að þvingunaraðgerðir lögreglu hafi ekki verið skv. XIII. kafla laga nr. 88/2008 heldur á grundvelli umferðarlaga nr. 77/2019. Aðgerðirnar, þ.e. handtaka, frelsissvipting, leit og líkamsrannsókn, falli undir XIII. kafla laga nr. 88/2008. Tilvist lagaheimilda um aðgerðirnar í öðrum lögum skipti ekki máli.

- 10 Til vara byggi stefnandi bótakröfu sína á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, almennu skaðabótareglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Lögregluþjónarnir, sem stefndi beri ábyrgð á, hafi sýnt af sér saknæma og ólögmdæta háttsemi, a.m.k. stórfellt gáleysi, með aðgerðum í heild sinni. Þeir hafi mátt vita að aðgerðirnar í heild myndu valda stefnanda miska. Skilyrðum um orsakatengsl og sennilega afleiðingu sé fullnægt. Brotið hafi verið gegn 3. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um að rannsakendur sakamála gæti þess að aðilum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt sé eftir því sem á standi. Stefnandi hafi að óþörfu verið beittur aðgerðunum og framkvæmd þeirra farið langt út fyrir meðalhóf. Þær hafi falið í sér ólögmdæta skerðingu á friðhelgi einkalífs hans, sbr. 71. gr. stjórnarskrár og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 (MSE), og ólögmdæta frelsissviptingu skv. 67. gr. stjórnarskrár og 5. gr. MSE. Í því hafi falist meingerð í skilningi 26. gr. skaðabótalaga.
- 11 Aðgerðirnar í heild hafi valdið stefnanda miska sem hlotist hafi af því að hafa verið handtekinn, settur í handjárn, sviptur frelsi, vistaður í fangaklefa og þurft að þola leit í bifreið og farangri ásamt því að þola munnvatns-, þvag- og blóðsýnatöku. Þá hafi verið honum þungbært að þurfa að fara í gegnum málsmeðferð fyrir dómi ranglega sakaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Að honum hafi verið vegið með þungum ásökunum og honum hafi liðið illa í haldi lögreglu sem og vegna aðgerðanna allra. Það hafi aukið verulega á miska stefnanda og tekið verulega á hann andlega að njóta réttarstöðu sakbornings í málinu svo lengi með tilheyrandi óvissu um framtíð sína. Rannsókn hafi staðið yfir lengur en nauðsynlegt hafi verið og með því hafi verið brotið gegn málshraðareglum, m.a. í 18. gr. og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008. Með aðgerðunum hafi verið brotið gegn stjórnarskrárvörðum grundvallarréttindum stefnanda. Fjárhæð kröfu stefnanda sé hófleg og sanngjörn.

- 12 Þá krefst stefnandi almennra vaxta frá hinu bótaskylda atviki 4. febrúar 2020, sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. másl. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og dráttarvaxta frá 24. mars 2023, mánuði eftir dagsetningu kröfubréfs stefnanda, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga.

Helstu málsástæður stefnda

- 13 Stefndi telur með vísan til dóms Héraðsdóms Norðurlands vestra í máli nr. S-107/2020 að leggja megi til grundvallar að stefnandi hafi verið beittur þvingunarráðstöfunum í þágu rannsóknar á sakamáli þannig að skilyrði 1. másl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 séu fyrir hendi. Eigin sök stefnanda leiði þó til þess að fella skuli niður bætur til hans, sbr. seinni másl. sama lagaákvæðis. Skilyrði bótaréttar á sakargrundvelli séu ekki heldur fyrir hendi enda hafi afskipti lögreglunnar af stefnanda hvorki verið ólögmat né saknæm.
- 14 Framangreindur héraðsdómur hafi fullt sönnunargildi um málsatvikin þar til hið gagnstæða sannist, sbr. 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008. Málsatvikum sé þannig ranglega lýst af stefnanda. Lögregla hafi haft afskipti af honum kvöldið 4. febrúar 2020, um kl. 21.30, í kjölfar tilkynningar um aðfinnsluvert aksturslag bifreiðarinnar. Stefnandi hafi staðið fyrir utan bifreiðina þegar lögreglu bar að garði en tveir einstaklingar aðrir setið inni í henni. Allir hafi þeir sjáanlega verið undir áhrifum fíkniefna. Stefnandi hafi á vettvangi og á lögreglustöð gengist við að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn og sýnatökur staðfest að hann hafi verið undir áhrifum. Hann hafi gengist við að hafa neytt fíkniefna og lyfja við skýrslugjöfina og fíkniefni fundist í bifreiðinni. Hann hafi verið látinn laus úr haldi lögreglu að lokinni skýrslutöku kl. 22.38 sama kvöld en óskað eftir að sofa í fangaklefa um nóttina. Allt framangreint komi fram í nefndum héraðsdómi og gögnum lögreglu-málsins.
- 15 Fella skuli niður bætur til stefnanda vegna umræddra sýnataka, handtöku og leitar þar sem hann hafi valdið þeim aðgerðum, sbr. seinni másl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Hann hafi verið beittur þvingunarráðstöfunum vegna þess að hann hafi verið undir áhrifum ólöglegra fíkniefna og lyfja, hann hafi tjáð lögreglu að hann hafi ekið bifreiðinni og fíkniefni hafi verið í henni. Á þessari háttsemi, sem hafi valdið umræddum aðgerðum, beri stefnandi ábyrgð og með framferði sínu hafi stefnandi valdið því að aðgerðirnar hafi verið nauðsynlegar. Orsakatengsl séu milli háttsemi stefnanda og aðgerðanna og þær sennileg afleiðing háttseminnar. Hana beri enn fremur að virða stefnanda til sakar

samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar um eigin sök, sem búi að baki ákvæðum seinni málsl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Stefnandi hafi fyrirgert sér bótarétti.

- 16 Stefnandi eigi heldur ekki bótarétt á sakargrundvelli. Skilyrði til að grípa til aðgerðanna lögum samkvæmt hafi verið fyrir hendi, sbr. 52. gr. umferðarlaga, 16. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og ákvæði X. og XIII. kafla laga nr. 88/2008. Meðalhófs hafi verið gætt og öllum málatilbúnaði stefnanda um ólögmæti aðgerðanna sé mótmælt. Aðgerðirnar hafi ekki verið ólögmætar eða saknæmar.
- 17 Fjárhæð bótaskyldu stefnanda sé of há að teknu tilliti til réttarframkvæmdar. Yrði fallist á miskabætur beri að líta til þess að hann hafi stuðlað að aðgerðunum sjálfur, sbr. seinni málsl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 og almennar reglur skaðabótaréttar um eigin sök. Beri því að lækka dómkröfu stefnanda verulega.

Niðurstaða

- 18 Í málinu er deilt um bótaskyldu ríkisins vegna handtöku, frelsissviptingar, leitar og líkamsrannsóknar 4. febrúar 2020, en stefnandi var ákærður og síðan sýknaður með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra 4. maí 2021 í máli nr. S-107/2020. Þá byggir stefnandi á því að við rannsókn málsins hafi verið brotið gegn málshraðareglum og meðalhófi. Er krafa stefnanda studd við 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár, 246. gr. laga nr. 88/2008, b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennu skaðabótaregluna. Ágreiningur aðila lýtur aðallega að því hvort stefnandi hafi valdið eða stuðlað að framangreindum aðgerðum lögreglu, sbr. seinni málsl. 2. mgr. 246. gr. laganna. Ekki er deilt um að aðgerðirnar áttu sér stað, að öðru leyti en því að aðilar deila um hvort stefnandi hafi verið frelsissviptur í kjölfar þess að tekin var af honum lögregluskýrsla eða hvort hann hafi sjálfur óskað eftir að dvelja í fangaklefa yfir aðfaranóttina 5. febrúar 2020.
- 19 Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 á maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli rétt til bóta úr hendi stefnda skv. 2. mgr. ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. sömu lagagreinar er tekið fram að dæma skuli bætur vegna aðgerða eftir IX. til XIV. kafla laganna ef skilyrði fyrstu málsgreinarinnar eru fyrir hendi. Í ákvæðinu segir jafnframt að fella megj niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Að öðru

leyti eru ekki sett frekari skilyrði fyrir hinni hlutlægu bótaábyrgð skv. XXXIX. kafla laga nr. 88/2008. Skiptir þá ekki máli hvort lögmæt skilyrði hefur brostið til aðgerða sem hafa haft í för með sér tjón eða ekki hefur verið nægilegt tilefni til að grípa til þeirra. Stefnandi á því rétt á bótum nema því verði slegið föstu að hann hafi valdið eða stuðlað að rannsóknaraðgerðum, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 246. gr. laganna.

- 20 Með fyrrnefndum dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra þann 4. maí 2021 var stefnandi sýknaður af kröfum ákærvaldsins. Þegar af þeirri ástæðu á stefnandi rétt til bóta vegna handtöku, leitar og líkamsrannsókna, sbr. 2. mgr. 246. gr., sbr. 1. mgr., laga nr. 88/2008, jafnvel þó að fallast megi á að fullt tilefni hafi verið til aðgerðanna, einkum í ljósi ástands stefnanda sem og samferðamanna hans í bifreiðinni, þegar lögreglu bar að.
- 21 Til þess er að líta að í framangreindum dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra í máli nr. S-107/2020 er lagt til grundvallar að eina skýrslutakan af stefnanda hjá lögreglu hafi átt sér stað strax í kjölfar handtöku hans og hann hafi þá verið undir augljósum áhrifum ávana- og fíkniefna og lyfja. Um það er í dóminum vísað til þess magns fíkniefna og lyfja sem mældist í blóði hans og til framburðar lögreglumannanna um ástand hans. Fullt tilefni hafi því verið til að taka skýrslu af honum á ný þegar hann var ekki lengur undir áhrifum sem og að taka skýrslur af samferðamönnum hans tveimur, enda hefði það verið hægur vandi þar sem þeir höfðu allir gist í fangaklefa um nóttina. Það hafi lögregla ekki gert. Við mat á því hvort stefnandi hafi valdið eða stuðlað að aðgerðunum gegn sér í skilningi 2. málsl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 vegur framangreint þungt að mati dómsins. Þar sem annar samferðamaður stefnanda hafi fyrir dómi borið að þriðji samferðamaður þeirra hefði ekið bifreiðinni en ekki stefnandi hefði sá framburður getað komið fram strax í lögregluskýrslu af viðkomandi aðila umrætt kvöld ef lögregla hefði tekið skýrslu af samferðamönnum. Að framangreindu virtu verður stefnandi ekki talinn hafa valdið eða stuðlað að aðgerðunum gegn sér í skilningi 2. málsl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 jafnvel þó svo að hann hafi játað á vettvangi að hafa ekið bifreiðinni. Ekki er því fallist á að skerða megi eða fella niður bótarétt stefnanda enda þótt fullt tilefni hafi verið til aðgerða lögreglu.
- 22 Af framangreindum dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra verður ekki annað ráðið en að stefnandi hafi gefið samþykki til líkamsrannsókna þeirra sem hann undirgekkst hjá lögreglu. Hvað sem því líður verður með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 451/2015 að

telja að samþykki stefnanda við rannsóknaraðgerðum girði ekki fyrir rétt hans til bóta skv. 246. gr. laga nr. 88/2008 enda hefði hann ella mátt búast við að lögregla færi fram á dómsúrskurð til líkamsrannsóknar, sbr. 4. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 1. mgr. 77. gr. laga nr. 88/2008.

- 23 Aðila málsins greinir á um tímalengd frelsissviptingar stefnanda. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi verið færður á lögreglustöð til skýrslutöku og að hann hafi í kjölfar hennar verið látinn laus en óskað eftir að fá að dvelja í fangaklefa á lögreglustöðinni yfir nóttina. Stefnandi byggir á því að honum hafi verið gert að dvelja í fangaklefanum yfir nóttina, frelsissviptur að ósekju. Með vísan til framangreinds dóms Héraðsdóms Norðurlands vestra, sbr. 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008, og framlagðrar lögregluskýrslu verður talið ósannað að stefnandi hafi verið frelsissviptur í kjölfar skýrslutökunnar og gert að dvelja í fangaklefanum yfir nótt gegn vilja sínum. Í þessu sambandi telur dómurinn það ekki hafa áhrif þó að nefnd lögregluskýrsla sé sumpart ónákvæm um tímasetningar enda styðst þetta atriði um dvöl þremminganna í fangaklefa yfir nótt að þeirra ósk við framburð lögreglumanns fyrir dómi í nefndu sakamáli eins og rakið er í dómnum. Verður því lagt til grundvallar með hliðsjón af gögnum málsins að stefnandi hafi verið handtekinn kl. 21.31 og hann látinn laus úr haldi eftir að skýrslutöku yfir honum lauk kl. 22.38. Aðgerðir lögreglu hafi þannig í heild staðið yfir í klukkustund og sjö mínútur. Verður ekki talið að frelsissvipting stefnanda hafi staðið lengur en nauðsynlegt var, sbr. 2. og 3. mgr. 53. gr. og 2. mgr. 93. gr. laga nr. 88/2008.
- 24 Verður með vísan til þess að fallist hefur verið á að fullt tilefni hafi verið til rannsóknaraðgerðanna og með vísan til gagna málsins og atvika allra hvorki fallist á það með stefnanda að aðgerðir lögreglu hafi verið saknæmar né ólögætar eða að meðalhófs hafi ekki verið gætt við rannsókn og meðferð málsins. Ekki teljast uppfyllt skilyrði almennu skaðabótareglunnar né miskabótaákvæðis b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 til að fallist verði á bótakröfu stefnanda á þeim grundvelli og er málsástæðum stefnanda þar að lútandi hafnað.
- 25 Svo sem að framan greinir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi eigi rétt til bóta vegna framangreindra aðgerða lögreglu í umrætt sinn á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008. Við mat á fjárhæð bóta er til þess að líta að framlögð gögn bera ekki annað með sér en að réttra aðferða og meðalhófs hafi verið gætt við aðgerðirnar sem stóðu yfir

í um klukkustund í heild. Að þessu virtu eru hæfilegar bætur ákveðnar að fjárhæð 150.000 krónur. Skál sú fjárhæð bera vexti skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 4. febrúar 2020 er hið bótaskylda atvik átti sér stað og dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 24. mars 2023 til greiðsludags og er um ákvörðun dráttarvaxta miðað við þann dag er mánuður var liðinn frá því að stefnandi sannanlega krafði stefnda um bætur, sbr. 9. gr. sömu laga.

- 26 Eftir atvikum verður málskostnaður felldur niður milli aðila. Stefnandi nýtur gjafsóknar við rekstur málsins fyrir héraðsdómi samkvæmt gjafsóknarleyfi, útgefnu 3. október 2023. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Rebekku Óskar Gunnarsdóttur, sem þykir með hliðsjón af umfangi málsins og tímaskýrslu lögmannsins hæfilega ákveðin svo sem nánar greinir í dómsorði. Í samræmi við dómvænu er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar, sbr. til hliðsjónar m.a. úrskurð Landsréttar Íslands 22. janúar 2019 í máli nr. 7/2019.
- 27 Af hálfu stefnanda flutti málið Rebekka Ósk Gunnarsdóttir lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Þorvaldur Hauksson lögmaður. Dóm þennan kveður upp Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 150.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. málslíð 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. febrúar 2020 til 24. mars 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Rebekku Óskar Gunnarsdóttur, að fjárhæð 900.000 krónur.

Sigríður Rut Júlíusdóttir